

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 30. apríl 2025 í máli nr. 121/2024

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 15. september 2024 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum 211.426 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfu varnaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 19. september 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust 7. október 2024. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum bárust 8. sama mánaðar.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, reikningur vegna máltöku og staðfestingar á greiðslum sóknaraðila til varnaraðila.

Með bréfi, dags. 29. apríl 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili pantaði sérsaumuð gluggatjöld í verslun varnaraðila þann 7. júní 2024. Óskaði sóknaraðili jafnframt eftir þjónustu varnaraðila við að mæla fyrir gluggatjöldunum sem og að setja þau upp. Greiddi sóknaraðili varnaraðila 9.500 krónur þann dag fyrir mælinguna. Þann 20. sama mánaðar fór sú mæling fram og fjórum dögum síðar millifærði sóknaraðili, að ósk varnaraðila, helming kaupverðsins, 110.000 krónur, inn á reikning varnaraðila svo unnt væri að hefja framleiðslu gluggatjaldanna. Greinir málsaðila á um umsaminn afhendingartíma. Þann 7. ágúst 2024 tilkynnti varnaraðili sóknaraðila að gluggatjöldin væru tilbúin og greiddi sóknaraðili sama dag eftirstöðvar kaupverðs þeirra, alls 91.926 krónur. Var sóknaraðili jafnframt upplýstur um að nokkur bið væri eftir þjónustu við uppsetningu þeirra. Þann 23. sama mánaðar áttu aðilar í samskiptum símleiðis en fer þeim ekki saman um hvað fór þeirra á milli varðandi afhendingu og uppsetningu gluggatjaldanna. Í lok þess samtals krafðist sóknaraðili endurgreiðslu kaupverðs vegna dráttar á afhendingu.

Sóknaraðili vísar til þess að þann 24. júní 2024 hafi hann fengið þær upplýsingar frá varnaraðila að það tæki um þrjár til fjórar vikur að framleiða gluggatjöldin. Kveðst sóknaraðili hafa haft samband við varnaraðila símleiðis í tvígang í júlímánuði og óskað eftir upplýsingum um hvenær afhending myndi fara fram. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili ekki getað svarað því nákvæmlega og borið fyrir sig töfum á framleiðslu þeirra. Þann 7. ágúst 2024 hafi varnaraðili upplýst

sóknaraðila um að gluggatjöldin væru tilbúin og að uppsetning þeirra gæti farið fram fyrir lok vikunnar þar á eftir. Að sögn sóknaraðila hafi hann aftur haft samband við varnaraðila 23. sama mánaðar og óskað eftir upplýsingum hvenær uppsetning myndi fara fram. Í fyrstu hafi varnaraðili nefnt að uppsetning gæti fram tæpri viku síðar. Hafi sóknaraðili upplýst varnaraðila um að hann gæti ekki sætt sig við frekari tafir á afhendingu og því krafist endurgreiðslu kaupverðs. Þá hafi varnaraðili boðist til að setja gluggatjöldin upp síðar þann sama dag en sóknaraðili afþakkað það og ítrekað kröfu sína um endurgreiðslu. Hafi varnaraðili ekki orðið við því enn.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðila hafi verið veittar þær upplýsingar að framleiðsla á sérsaumuðum gluggatjöldum tæki um fjórar vikur og bið eftir uppsetningu væri um tvær vikur þar til viðbótar. Hafi sóknaraðila verið tilkynnt að gluggatjöldin væru tilbúin þann 7. ágúst 2024 og hann beðinn að greiða eftirstöðvar kaupverðs. Þar sem framleiðsla gluggatjaldanna hafði farið fram yfir uppgefinn viðmiðunartíma hafi varnaraðili boðið sóknaraðila 10% afslátt af heildarverði pöntunarinnar sem hann hafi þegið. Hafi sóknaraðili jafnframt verið upplýstur um að tafirnar mætti rekja til sumarleyfa starfsmanna. Varnaraðili kveðst hafa haft samband við sóknaraðila þann 23. ágúst 2024 og upplýst um að uppsetning gluggatjaldanna gæti farið fram síðar þann dag. Hafi sóknaraðili sagt sig ekki geta tekið á móti uppsetningarmanni fyrr en eftir kl. 17.30 þrátt fyrir að samkvæmt reglum og vinnutíma varnaraðila sé uppsetning framkvæmd milli kl. 8.00 til 16.00 alla virka daga. Hafi varnaraðili enga síður lagt til að koma kl. 18.00 til sóknaraðila. Hafi sóknaraðili hins vegar ekki fallist á það og krafist endurgreiðslu þar sem að of langur tími hafi liðið frá því hann hafi greitt lokagreiðslu fyrir gluggatjöldin.

Varnaraðili vísar til meginreglu samningaréttar um að gerða samninga beri að halda og að aðilar kröfuréttarsambands geti í samræmi við þá meginreglu krafist þess að samningur verði efndur í samræmi við efni hans. Þá vísar varnaraðili til 1. mgr. 23. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) þar sem fram komi að afhendi seljandi ekki hlut á þeim tíma sem samið hafi verið um eða innan tímamarka skv. 1. mgr. 6. gr. skal neytandi fara þess á leit við seljanda að hann afhendi hlutinn innan viðbótarfrests. Afhendi seljandi ekki hlutinn innan þess viðbótarfrests geti neytandi rift kaupunum. Telur varnaraðili að líta verði á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu kaupverðs sem kröfu um riftun kaupanna.

Varnaraðili byggir á því að engin ástæða sé til riftunar kaupanna enda hafi varnaraðili komið til móts við sóknaraðila í formi afsláttar auk þess sem sóknaraðili hafi verið upplýstur undir framleiðsluferlinu að tafir yrðu á afhendingu vegna sumarleyfa starfsmanna. Þá mótmæli varnaraðili því að afhendingardráttur hafi verið svo verulegur að það heimili sóknaraðila að krefjast riftunar. Vísar varnaraðili í þessu sambandi til úrskurða kærunefndarinnar í málum nr. 79 og 80/2023 sem eiga það sameiginlegt að fallist hafi verið á riftun kaupsamnings sökum verulegs dráttar á afhendingu vöru í kjölfar þess að neytandi hafi ítrekað óskað eftir efndum á samningi aðila. Þá sé einnig vísað til úrskurðar kærunefndar í máli nr. 143/2020 þar sem ekki hafi verið fallist á riftun kaupa sökum þess að seljanda hafði ekki verið veittur viðbótarfrestur til afhendingar á vöru. Með hliðsjón af framangreindu telji varnaraðili að ekki sé grundvöllur fyrir riftun í máli þessu enda hafi afhendingardráttur hvorki verið verulegur né hafi sóknaraðili veitt varnaraðila viðbótarfrest til afhendingar sbr. 1. mgr. 23. gr. nkpl. Hafni varnaraðili að endurgreiða sóknaraðila kaupverð gluggatjaldanna enda myndi það hafa í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir hann enda búið að eyða tíma, efni og vinnu í gerð sérsaumaðra

gluggatjalda í þágu sóknaraðila. Kveðst varnaraðili reiðubúinn að koma til sóknaraðila og klára uppsetningu enda sé það það eina sem eftir standi í viðskiptum aðila.

V

Niðurstaða

Sóknaraðili pantaði sérsaumuð gluggatjöld hjá varnaraðila þann 7. júní 2024 og greiddi helming kaupverðs þeirra þann 24. sama mánaðar í kjölfar mælingar sem framkvæmd var af varnaraðila. Þá óskaði sóknaraðili jafnframt eftir þjónustu varnaraðila við uppsetningu gluggatjaldanna. Aðila greinir á um hvenær afhending þeirra hafi átt að fara fram. Af hálfu sóknaraðila er byggt á því að afhending gluggatjaldanna hafi átt að vera þremur til fjórum vikum síðar en varnaraðili ber því við að hafa upplýst sóknaraðila að framleiðslutími þeirra væri um fjórar vikur og svo væri tveggja vikna bið eftir þjónustu við uppsetningu. Vegna sumarleyfa starfsmanna varnaraðila tók framleiðsla gluggatjaldanna um sex vikur og voru þau tilbúin 7. ágúst 2024. Áttu aðilar í samskiptum 23. sama mánaðar vegna uppsetningarinnar sem enduðu á þann veg að sóknaraðili krafðist endurgreiðslu kaupverðs. Líta verður svo á að sóknaraðili hafi þann dag rift kaupunum.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Aðilar í kröfuréttarsambandi geta í samræmi við þá meginreglu krafist þess að samningur verði efndur í samræmi við efni hans. Fjallað er um úrræði neytanda vegna afhendingardráttar seljanda í V. kafla laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. nkpl. getur neytandi gripið til tiltekinna vanefndarúrræða ef hlutur er ekki afhentur eða er afhentur of seint, þ.e. haldið eftir greiðslu kaupverðs, krafist efnda, riftunar eða skaðabóta. Ákvæði 23. gr. nkpl. fjallar um möguleika neytanda á að rifta kaupum vegna afhendingardráttar seljanda. Í ákvæðinu er m.a. kveðið á um að ef seljandi afhendir neytanda ekki hlut á umsömdum tíma eða innan tímamarka skv. 1. mgr. 6. gr. nkpl. skal neytandi krefjast þess að seljandi afhendi hlutinn innan viðbótarfrests. Afhendi seljandi ekki hlutinn innan þess frests getur neytandi rift kaupunum.

Eins og mál þetta er vaxið verður ekki séð að sóknaraðili hafi sýnt fram á að hafa veitt varnaraðila viðbótarfrest til afhendingar svo réttlæti riftun vegna vanefnda innan viðbótarfrestsins í skilningi 1. mgr. 23. gr. Skilyrði þess að kaupunum verði rift vegna afhendingardráttar varnaraðila er því ekki fullnægt í máli þessu. Verður þar af leiðandi ekki unnt að fallast á með sóknaraðila að honum hafi verið heimilt þann 23. ágúst 2024, eða sama dag og varnaraðili hugðist afhenda og setja upp hin sérsaumuðu gluggatjöld, að rifta kaupunum og krefjast endurgreiðslu kaupverðs úr hendi varnaraðila. Er kröfu sóknaraðila því hafnað.

VI

Úrskurðarorð

Kröfum sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson